

Samanburður á þýskri og íslenskri sorphirðu

Meginmunurinn á þýskri og íslenskri sorphirðu, er umfangið. Ísland er rétt rúmlega 300 þúsund manna land en Þjóðverjar eru um hundrað milljónir. Til að spara umfang þess rusls sem urðað er, þá flokka þeir ruslið mun meira og nákvæmar heldur en Íslendingar. Þurrkunin minnkar einnig umfang ruslsins þar sem það fer aldrei á hauga heldur er því brennt sem eldsneyti, sem einnig fyllir upp í orkuþörf iðnaðarins. Það rusl sem ekki er málmur er þurrkað niður í 15% raka með bakteríum en vatnsinnihald ruslsins er 55% þegar það kemur inn í stöðina. Ruslið er þurrkað í tíu daga og eftir það er það notað sem eldsneyti í iðnaði, þetta minnkar einnig notkun kola og olíu.

Þjóðverjar þurfa talsvert meira að hugsa um sorphirðu en Íslendingar þar sem mengun grunnvatns af völdum sorps er raunverulegt vandamál þar.

Freyr Sigurðarson, Ragnar Ingi Jóhannesson, Einar Andrésón.